


# STEFNA LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

## 2024-2028



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts

# VIÐ STÆKKUM VERULEIKANN!

Yfirskrift nýrrar stefnu Listaháskólans vísar í hlutverk listarinnar, hún kjarnar tilgang okkar, veitir hressilegan innblástur og byr undir báða vængi.

Stefnan var unnin allan síðasta vetur í breiðu samtali við starfsfólk og nemendur skólans. Aðaláherslan í þeirri vinnu var að skilgreina sameiginleg markmið okkar til næstu ára og kortleggja með skýrum hætti þau skref sem við þurfum að stíga til þess að ná þeim.

Leiðarljós nýrrar stefnu Listaháskólans eru þrjú og undir hverju og einu þeirra setjum við okkur þrjú megin markmið. Undir hverju

meginmarkmiði höfum við skilgreint og tímasett fjöldan allan af aðgerðum sem gera okkur kleift að innleiða stefnuna með árangursríkum hætti á næstu fjórum árum. Í nýrri stefnu leggjum við áherslu á skapandi hugsun, fjölbreytileika og að vera hreyfiafl í síbreytilegum heimi.

Ég er einstaklega þakklát fyrir þátttöku starfsfólks og nemenda í mótun stefnunnar. Við setjum markið hátt til næstu ára og ég trúi því að þannig getum við stækkað veruleikann og haft áhrif til framtíðar.

*Kristín Eysteinsdóttir, rektor*

# LEIÐARLJÓÐ I: LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS ER HREYFIAFL Í SÍBREYTTILEGUM HEIMI.

**Markmið I:** Að styrkja kjarna námsleiða ásamt því að innleiða aukinn sveigjanleika í námi og þverfaglega milli deilda. Þannig viljum við auka möguleika á fjölbreytilegri samsetningu náms fyrir leiðandi listamenn framtíðarinnar.

**Aðgerðir:** Að skilgreina kjarna námsleiða, kortleggja valáfanga og skoða möguleika á sérhæfingu út frá aðal- og valfagi (major/minor system).

**Markmið II:** Að vera í fararbroddi í símenntun og samfélagslegri umræðu um listir, efla samstarf og festa í sessi samstarfssamninga við hagaðila og menningarstofnanir.

**Aðgerðir:** Að endurvekja Opna Listaháskólann með skýrri sýn, fjölbreyttu námskeiðsúrvali bæði í stað- og fjarkennslu. Sem og að styðja við þátttöku akademíks starfsfólks í samfélagslegri og faglegri umræðu.

**Markmið III:** Að efla rannsóknavirkni skólans með auknum stuðningi við rannsakendur, sveigjanlegra rannsóknarhlutfalli starfsfólks og fjölbreyttri miðlun rannsókna.



**Aðgerðir:** Að setja aukið fjármagn í rannsóknir, auka sveigjanleika deilda við ráðstöfun rannsóknarhlutfalls og efla útgáfu og miðlun rannsókna.

# LEIÐARLJÓS II: NÁM Í LISTUM Á AÐ ENDURSPEGLA FJÖLBREYTILEIKA SAMFÉLAGSINS.

**Markmið I:** Að vera skóli fyrir öll og ryðja hindrunum um aðgengi úr vegi.

**Aðgerðir:** Að kortleggja hindranir og vinna að úrlausnum á þeim, endurskoða inntökuferla og bæta aðgengi að byggingum skólans.

**Markmið II:** Að skapa náms- og starfsumhverfi inngildingar og jafnræðis.

**Aðgerðir:** Að ráða inngildingarfulltrúa, skipuleggja inngildingarfræðslu fyrir allt starfsfólk og styðja við samstarf við jaðarhópa.

**Markmið III:** Að húsnaði og aðstaða Listaháskólans verði framúrskarandi svo nemendur okkar og starfsfólk geti blómstrað.

**Aðgerðir:** Fela í sér að tryggja framtíðarhúsnaði fyrir Listaháskólann, bæta merkingar og upplifun við aðkomu í Listaháskólann og forgangsraða fjármunum til uppbyggingar innviða.



# LEIÐARLJÓÐS III: SKAPANDI HUGSUN ER LYKILFORSENDI FRAMÞRÓUNAR.

**Markmið I:** Að vera eftirsóknarvert samfélag sem er leiðandi í námi og kennslu með áherslu á framsækni, ábyrgð og umhyggju.

**Aðgerðir:** Að efla þætti sem stuðla að heilbrigðum vinnustað, stuðla að þróun kennsluhátta, efla samstarf við aðrar stofnanir og tryggja þátttöku nemenda í kennsluþróun.

**Markmið II:** Að hljóta viðurkenningu til að hefja doktorsnám við skólann.

**Aðgerðir:** Að vinna að umsókn til viðurkenningar á doktorsnámi við skólann.

**Markmið II:** Að þróa námsframboð á meistarastigi í samtali við samfélag og atvinnulíf með nýsköpun að leiðarljósi.

**Aðgerðir:** Að kortleggja og greina núverandi meistaránám. Kanna möguleika á að efla sameiginlegan meistaránámsgrunn þvert á deildir og opna valmöguleika þvert á deildir í meistaránámi.

